

ACE-hemlar og angíótensín II blokkar – lyfjaval og kostnaður

Kostnaður sjúkratrygginga vegna blóðþrýstingslyfja* nam 991 milljón kr. árið 2008 sem er kostnaðarsamasti lyfjaflokkurinn hjá sjúkratryggingum.


Kostnaðarsömstu lyfjaflokkarnir 2008:

Nr.	ATC flokkur	Lyfjaflokkur	Kostnaður SÍ
1	C02/C03/C07/C08/C09	Blóðþrýstingslyf	990.797.477
2	N06A	Þunglyndislyf	865.688.403
3	R03	Astmalyf	840.993.379
4	A02	Lyf gegn sýrutengdum sjúkdómum	825.542.223
5	N05A	Sefandi lyf (geðklofalyf)	611.840.740
6	N03	Flogaveikilyf	563.517.313
7	C10	Blóðfitulækkandi lyf	493.747.181
8	N06B	Lyf við ofvirkni	441.948.675
9	A10	Sykursýkilyf	418.085.572
10	M01/N02A/N02B	Bólguþendi-, gigtar- og verkjalyf	318.733.543

Blóðþrýstingslyfjaflokkurinn skiptist í eftirfarandi lyfjaflokka:


- Þvagræsilyf - C03
- Beta-blokkar - C07
- Kalsíumgangaloka - C08
- ACE-hemla - C09A og C09B
- Angíótensín II blokkar - C09C og C09D
- Önnur blóðþrýstingslækkandi lyf - C02

Mynd hér að neðan sýnir kostnað sjúkratrygginga í millj.kr. og fjölda dagsskammta (DDD), 2008. Kostnaður sjúkratrygginga er mestur vegna angíótensín II blokkar.





ACE-hemlar, angíótensín II blokkar og renín hemlar (skráð á Íslandi í janúar 2008) eru jafngild lyf til meðferðar við of háum blóðþrýstingi. Ekki er munur á lyfjum innan hvors flokks eða milli flokka í virkni við að meðhöndla blóðþrýsting, hjartabilun eða langvinnan nýrnasjúkdóm. Sá munur sem helst situr í læknum er að hósti er vel þekkt en saklaus aukaverkun ACE-hemla (kemur fram í 3-8% tilvika, fer eftir rannsóknum). **ACE-hemlar eru ráðlagðir sem fyrsta val** fram yfir angíótensín II blokkar því ACE-hemlar eru mun ódýrari. Að velja mun dýrara lyf í byrjun er órökrétt því hjá um 95 af hverjum 100 sem byrja á ACE-hemli kemur aldrei upp sú staða að skipta þurfi í angíótensín II blokkar vegna aukaverkana.

Verð á algengustu ACE-hemlum, angíótensín II blokkum og renín hemlum:



Hlutfall af heildarnotkun blóðþrýstingslyfja á Íslandi og í Svíþjóð 2008, mælt í DDD**



Ef notkun ACE-hemla og angíótensín II blokka væri með svipuðum hætti og í Svíþjóð er hægt að lækka lyfjakostnað sjúkratrygginga um 200-300 milljónir kr. á ársgrundvelli.

*Lyf sem falla undir ATC flokka C02/C03/C07/C08/C09 eru hér kölluð blóðþrýstingslyf þótt þau séu notuð í öðrum tilgangi s.s. við meðferð á kransæðasjúkdómi, hjartabilun og langvinnum nýrnasjúkdómi.

** Upplýsingar um notkun blóðþrýstingslyfja í Svíþjóð fengust frá Statistikenheten, Apoteket AB í Svíþjóð.

1. Matchar DB, McCrory DC, Orlando LA, Patel MR, Patel UD, Patwardhan MB, Powers B, Samsa GP, Gray RN. Comparative Effectiveness of Angiotensin-Converting Enzyme Inhibitors (ACEIs) and Angiotensin II Receptor Antagonists (ARBs) for Treating Essential Hypertension. Comparative Effectiveness Review No. 10. (Prepared by Duke Evidence-based Practice Center under Contract No. 290-02-0025.) Rockville, MD: Agency for Healthcare Research and Quality. November 2007. Sótt 3 apríl 2009 á vef: <http://effectivehealthcare.ahrq.gov/healthInfo.cfm?infotype=rr&ProcessID=12&DocID=48>

2. Mættligt forhójt blóðtryck (Moderately Elevated Blood Pressure. A Systematic Literature Review) SBU – Statens beredning för medicinsk utvärdering. 2007. Sótt 3 apríl 2009 á vef: <http://www.sbu.se/sv/Publicerat/Gul/Mattligt-forhojt-blodtryck-uppdatering-2007/>

3. National Institute for Clinical Excellence (NICE). Hypertension: management of hypertension in adults in primary care. Clinical guideline júní 2006. Sótt 3 apríl 2009 á vef: <http://www.nice.org.uk/page.aspx?o=CG34>

4. Scottish Intercollegiate Guidelines Network (SIGN). Management of chronic heart failure. Full guideline. (No. 95). Edinburgh: February 2007. Sótt 3 apríl 2009 á vef: <http://www.sign.ac.uk/pdf/sign95.pdf>

Comparative Effectiveness of Medical Therapies with or without ACEs or ARBs for Stable Ischemic Heart Disease

5. AHRQ Effective Health Care Program 26 February 2009

Sótt 4 apríl 2009 á vef: <http://www.effectivehealthcare.ahrq.gov/reports/final.cfm>

6. Musini VM, Fortin PM, Bassett K, Wright JM. Blood pressure lowering efficacy of renin inhibitors for primary hypertension. Cochrane Database of Systematic Reviews 2008, Issue 4.

7. Heran BS, Wong MMY, Heran IK, Wright JM. Blood pressure lowering efficacy of angiotensin receptor blockers for primary hypertension. Cochrane Database of Systematic Reviews 2008, Issue 4.

8. Heran BS, Wong MMY, Heran IK, Wright JM. Blood pressure lowering efficacy of angiotensin converting enzyme (ACE) inhibitors for primary hypertension. Cochrane Database of Systematic Reviews 2008, Issue 4.

9. Válg ACE-hämmare i första hand framför angiotensinreceptor-blockerare (ARB) - även vid nedsatt njurfunktion. Kloka Listan, kloka råd. Sótt 5. Maí 2009 á vef: http://www.janusinfo.se/imcms/servlet/GetDoc?meta_id=10822

10. JG Howlett, RS McKelvie, JMO Arnold, et al. Canadian Cardiovascular Society Consensus Conference guidelines on heart failure, update 2009: Diagnosis and management of right-sided heart failure, myocarditis, device therapy and recent important clinical trials. Can J Cardiol 2009;25(2):85-105.